

**Mættir:**

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður  
Daníel Júlíusson (Grunnskólinn)  
Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)  
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (Laut)  
Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

1. **Skipun nefndar** - Sigurður Rúnar Karlsson verður nýr fulltrúi þjónustmiðstöðvar/slökkviliðs og Valgerður S. Valmundsdóttir fyrir höfnina. Þau munu sækja námskeið fyrir vinnuverndarfulltrúa á næstu vikum.
2. **Vinnuverndarmöppur -samræming fyrir allar stofnanir** - Möppur bárust frá Vinnueftirlitinu sem dreift verður í stofnanir.
3. **Fræðslurit Vinnueftirlitsins nr. 35 og 36** - Fræðslurit Vinnueftirlitsins “Sættum okkur ekki við, einelti, ofbeldi, áreiti” lagt fram á fundinum. Ritunum verður dreift á allar stofnanir og sent á stjórnendur.
4. **Mælingar á vinnustöðvum** - Borist hafa kvartanir um hljóðvist á nokkrum starfstöðvum og einnig hefur verið kvartað yfir loftgæðum á Laut. Nefndin ræðir við umsjónarmann fasteigna um mögulegar leiðir til að framkvæma mælingar og hvað er hægt að gera til að bæta úr ef þarf.
5. **Upphæð heilsustyrks í starfsmannastefnu** – nefndin beinir þeirri ósk til bæjarráðs að upphæð heilsustyrks í starfsmannastefnu verði hækkuð á ný, í samræmi við hækkun vísitölu frá því að styrkurinn var lækkaður árið 2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið 14:30

Næsti fundur verður haldinn 14. desember næstkomandi